

Reglur Suðurnesjabæjar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra

Á grundvelli samnings sinnir Félagsþjónusta Suðurnesjabæjar þjónustu við íbúa Sv. Voga samkvæmt reglum þessum

I kafli

Almennt um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra

1. gr.

Lagagrundvöllur

Í reglum þessum er kveðið á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita, sbr. VII. og VIII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, og 8. gr. sem og IV. kafla laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, barnaverndarlög nr. 80/2002 og lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021. Í reglum þessum er fjallað um stoð- og stuðningsþjónustu samkvæmt framangreindum lögum. Hugtakið stuðningur er í reglum þessum notaður yfir alla þá þjónustu sem fellur undir framangreind ákvæði.

2. gr.

Markmið

Stuðningurinn er til handa foreldrum, forsjáraðilum og eftir atvikum vistunaraðilum við uppeldi barna eða til að styrkja þá í foreldrahlutverki sínu svo þeir geti búið börnum sínum örugg og þroskavænleg uppeldisskilyrði. Einnig er stuðningurinn til handa börnum og fjölskyldum þeirra sem þurfa aðstoð vegna fötlunar, skerðingar, langvinnra veikinda og/eða félagslegra aðstæðna. Markmiðið er að styrkja stuðningsnet fjölskyldunnar svo að hún sé betur í stakk búin til að takast á við uppeldishlutverkið. Mikilvægt er að þjónustan sé snemmtæk og samþætt skv. lögum nr. 86/2021 um samþættingu um þjónustu þegar svo á við.

Lögð skal áhersla á að styrkja fatlaða foreldra við að halda heimili og taka þátt í samfélaginu. Leggja ber áherslu á sérhæfða ráðgjöf og félagslegan stuðning til þess að hvetja til félagslegs samneytis.

Þegar börnum er veittur stuðningur skal hafa það að leiðarljósi sem er viðkomandi barni fyrir bestu og stuðlar að félagslegri aðlögun þess og þroska.

Stuðningur samkvæmt reglum þessum skal ætíð koma fram í stuðningsáætlun, áætlun máls eða einstaklingsbundinni þjónustuáætlun, eftir því sem við á hverju sinni og vera í eðlilegu samhengi við aðra aðstoð.

3. gr.

Stuðningur

Stuðningur fyrir börn og fjölskyldur er til handa þeim sem þurfa aðstoð vegna félagslegra aðstæðna, skertrar getu, álags, veikinda eða fötlunar. Stuðningur samkvæmt reglum þessum er veittur bæði innan heimilis og utan. Við veitingu stuðnings til fjölskyldna skal ætíð leita eftir sjónarmiði barns eða því sem aldur þess og þroski leyfir.

Um er að ræða eftirfarandi stuðning:

- a. *Foreldrafræðsla, Uppeldis- og fjölskylduráðgjöf:* Markmið með foreldrafræðslu, uppeldis- og fjölskylduráðgjöf er að aðstoða og leiðbeina foreldrum, forsjáraðilum eða vistunaraðilum við að tryggja þroskavænleg uppeldisskilyrði og viðunandi aðbúnað barna, sem og að vera ráðgefandi við fjölskyldur. Stuðningur er veittur innan sem utan heimilis, s.s. með aðstoð við



SUÐURNESJABÆR

heimilishald og ráðgjöf. Allur stuðningur miðar að því að mæta mismunandi þörfum foreldra og að því að valdefla þá í hlutverki sínu.

- b. *Námskeið*: Markmið námskeiða er að efla félagsfærni, uppeldisfærni og líðan barna og fjölskyldna.
- c. *Einstaklingsstuðningur*: Markmið með einstaklingsstarfi er að rjúfa félagslega einangrun, efla lífsleikni, samfélagsþátttöku og efla börn til að aukinnar sjálfshjálp. Umfang þjónustunnar er háð mati ráðgjafa Velferðarsviðs.
- d. *Stuðningsfjölskylda fyrir 0 – 18 ára*: Markmið með stuðningsfjölskyldu er að styðja foreldra í foreldrahlutverki sínu, veita þeim hvíld og/eða styrkja stuðningsnet barns eftir því sem við á og auka möguleika barnsins á félagslegri þátttöku. Heimilt er að veita þeim sem orðnir eru 18 ára og búa í foreldrahúsum áframhaldandi stuðningsfjölskyldu á meðan beðið er eftir annars konar stuðningi. Hámark þjónusta stuðningsfjölskyldu samkvæmt lögum um félagsþjónustu er tveir sólarhringar á mánuði. Stuðningsfjölskylda samkvæmt 24. gr. og 85. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 er veitt að hámarki fimm sólarhringar á mánuði og samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 er 15 sólarhringar á mánuði. Sjá nánar reglur sveitarfélagsins um stuðningsfjölskyldur [Reglur um þjónustu stuðningsfjölskyldna](#)

Sótt er um leyfi til að gerast stuðningsforeldri á heimasíðu Gæða- og eftirlitsstofnunar www.gev.is á grundvelli 8. gr. og 9. gr. laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála nr. 88/2021, 15. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Gerður er verksamningur við stuðningsforeldra. Greiðslur til stuðningsforeldra eru verktakagreiðslur. Greitt er hálf tölva fyrir hvern sólarhring sem barn dvelur hjá stuðningsfjölskyldu.

- e. *Akstursþjónusta*: Suðurnesjabær veitir fötluðum börnum og ungmennum kost á akstursþjónustu í samræmi við það almenna markmið laga að skapa þeim skilyrði til að lifa sem eðlilegustu lífi miðað við getu hvers og eins og jafna aðstöðumun sem kann að vera til staðar milli fatlaðs fólks og ófatlaðs við aðgengi að almenningssfarartækjum. Sjá nánar reglur sveitarfélagsins um akstursþjónustu [Reglur um akstursþjónustu fatlaðs fólks](#)
- f. *Skammtímadvöl*: Fötluð börn og ungmenni með þroska- og/eða geðraskanir á aldrinum 0-18 ára eiga rétt á skammtímadvöl utan heimilis þegar þörf krefur. Markmið með skammtímadvöl er að gefa fötluðum börnum kost á að dvelja tímabundið utan heimilis síns þegar um er að ræða miklar stuðningsþarfir umfram jafnaldra og til að styðja við fjölskyldur barnsins. Stuðningur í skammtímadvöl getur verið allt frá hluta úr degi og í allt að 15 sólarhringa á mánuði. Heimilt er að veita þeim sem orðnir eru 18 ára og búa í foreldrahúsum áframhaldandi skammtímadvöl á meðan beðið er eftir annars konar stuðningi. Dvöl barns í skammtímadvöl og hjá stuðningsfjölskyldu getur samanlagt verið að hámarki 15 sólarhringar á mánuði.
- g. *Notendasamningar*: Fötluð börn og ungmenni sem metin eru í þörf fyrir stuðnings- og/eða stoðþjónustu geta sótt um að gerður verði notendasamningur. Í notendasamningnum er fjallað um framkvæmd þjónustunnar. Sjá nánar reglur sveitarfélagsins um notendasamning [Reglur um notendasamning](#)
- h. *Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)*: Fötluð börn og ungmenni sem metin eru í þörf fyrir stuðnings- og/eða stoðþjónustu geta sótt um notendastýrða



SUÐURNESJABÆR

persónulega aðstoð (NPA). Sú aðstoð byggir á hugmyndafræði um sjálfstætt líf og er markmiðið að koma til móts við þarfir fatlaðs fólks svo að það megi lifa sjálfstæðu og virku lífi og hafi val um hvernig aðstoðinni við það er háttað. Sjá nánar reglur sveitarfélagsins um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) [Reglur um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk](#)

- i. *Ráðgjöf sérfræðiteymis*: Sé það mat ráðgjafa velferðarsviðs að ekki sé með fullnægjandi hætti hægt að mæta þörfum barns með þeim úrræðum sem eru til staðar og hafa verið fullreynd skal leita ráðgjafar sérfræðiteymis sbr. 20.gr. l.nr. 38/2018. Teymið skal vera sveitarfélögum til ráðgjafar vegna þjónustu og úrræða.
- j. *Búseta barna utan heimilis*: Sé niðurstaða sérfræðiteymis að barn þurfi þjónustu samkvæmt lögum nr. 38/2018 og því fyrir bestu að það búi utan heimilis fjölskyldu þess skal eftir fremsta megni reyna að finna barninu annað heimili í nærsamfélagi þess og gera því kleift að viðhalda sambandi við upprunafjölskyldu sína eða útbúa sérstakt húsnæði fyrir barn í samræmi við reglugerð um búsetu fyrir börn með miklar þroska- og geðraskanir nr. 1038/2018.
- k. *Sérfræðiráðgjöf þroskaþjálfar*: Markmið er að veita sérhæfða þjónustu eftir að fötlunargreining liggur fyrir. Þroskaþjálfari veitir ráðgjöf og leiðbeiningar til einstaklinga, barna og fjölskyldu þeirra inn á heimili umsækjanda.
- l. *Frístundaþjónusta*: Frístundaþjónusta fyrir fötluð börn og ungmenni starfar skv. 16. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Þjónustan skal vera einstaklingsmiðuð og á því formi sem best hentar viðkomandi. Veita skal þjónustu vegna fötlunar samhliða almennum frístundatilboðum, eins og mögulegt er. Þessi þjónusta skal að jafnaði taka mið af metnum stuðningsþörfum og vera hluti af einstaklingsbundinni þjónustuáætlun viðkomandi barns eða ungmennis. Þjónustan fer ekki fram á lögbundnum frídögum.

4. gr.

Skilyrði fyrir því að umsókn um stuðning við börn og fjölskyldur verði samþykkt

Umsækjandi skal uppfylla öll eftirtalin skilyrði til að fá stuðning samkvæmt reglum þessum.

- a) Umsækjandi og barn/börn hans sem umsókn lýtur að, skulu eiga lögheimili í Suðurnesjabæjar þegar sótt er um eða mál viðkomandi barns/barna sé til vinnslu hjá barnaverndarþjónustu Suðurnesjabæjar.
- b) Umsækjandi skal hafa forsjá barns/barna sem umsókn lýtur að og þá skal lögheimilisforeldri barns standa að umsókn eða samþykkja hana, ef að forsjáraðilar búa ekki saman.
- c) Umsækjandi og barn/börn hans skulu vera metin í þörf fyrir stuðning samkvæmt matsviðmiðum velferðarsviðs Suðurnesjabæjar.

II. kafli Umsóknir og mat

5. gr.

Aðgengi að stuðningi

Óski foreldri barns eftir ráðgjöf og stuðningi skal óska eftir [viðtali](#) á heimasíðu sveitarfélagsins. Leiði viðtal í ljós að þörf sé á stuðningi samkvæmt reglum þessum skal sækja um þjónustu á heimasíðu sveitarfélagsins í [þjónustugátt](#). Í kjölfar þess skal lagt mat á stuðningsþörf umsækjanda samkvæmt matsviðmiðum. Stuðningurinn skal nánar útfærður í samvinnu við ráðgjafa.

6. gr.

Mat á stuðningsþörf

Mat á stuðningsþörf er gert í samvinnu við umsækjanda og ráðgjafa og tekur mið af þörfum fjölskyldunnar. Mat á stuðningsþörf fer fram hjá velferðarsviði Suðurnesjabæjar, á heimili umsækjanda eða á öðrum vettvangi umsækjanda. Niðurstaða mats skal koma fram í áætlun máls. Við mat á stuðningsþörf er horft til heildar aðstæðna fjölskyldunnar og skipulags daglegs lífs. Markmiðið er ætíð að styðja fjölskylduna að leita bestu mögulegu lausna hverju sinni. Við mat á þörf og forgangsöröðun skal líta til eftirfarandi atriða þegar metið er hversu brýn þörf er fyrir stuðningi:

- Færni/getu og styrkleika.
- Félagslegra aðstæðna og félagslegs tengslanets.
- Samfélagsþátttöku, valdeflingar og virkni.
- Hvaða afleiðingar töf á veitingu stuðnings hefur fyrir umsækjanda.
- Annar stuðningur sem er veittur.

Sé niðurstaða mats sú að aðstæður barns og fjölskyldu séu með þeim hætti að ekki sé þörf á stuðningi samkvæmt matsviðmiðum, ber að synja umsókninni.

7. gr.

Stuðningsáætlun

Áður en stuðningur hefst skal liggja fyrir áætlun um meðferð máls hjá barnaverndarþjónustu Suðurnesjabæjar ef um barnaverndarmál er að ræða en annars skal gera stuðningsáætlun eða einstaklingsbundna þjónustuáætlun. Þar skal m.a. koma fram gildistími samþykktar, hvers konar stuðningur verði veittur, verkefni og vinnutilhögun. Stuðningurinn skal ætíð byggja á skýrum markmiðum og koma skal fram hvernig árangur verði metinn. Í þeim tilvikum sem stuðningsþörf er viðvarandi skal sex mánuðum áður en umsækjandi nær 18 ára aldri liggja fyrir áætlun um áframhaldandi stuðning.

8. gr.

Forgangsöröðun umsókna

Fullnægi umsækjandi skilyrðum 4. gr. reglnanna skal umsókn metin á grundvelli þeirra matsviðmiða sem tilgreind eru í 6. gr. í reglum þessum. Að mati loknu raðast umsóknir í forgangsörð á grundvelli viðmiða sem tilgreind eru í fylgiskjali með reglum þessum. Þegar umsókn um stuðning hefur verið samþykkt er gerð stuðningsáætlun eða einstaklingsbundin þjónustuáætlun og stuðningur getur hafist. Ef fyrir séð er að stuðningurinn geti ekki hafist innan þriggja mánaða skal umsókn sett á biðlista. Umsækjandi er upplýstur um áætlaða lengd á biðtíma og hvaða stuðningur standi honum til boða á biðtímanum, sbr. ákvæði reglugerðar um biðlista, forgangsöröðun og úrræði á biðtíma eftir þjónustu, nr. 1035/2018. III. kafli.

III. kafli Framkvæmd Framkvæmd

9. gr.

Tími og umfang stuðnings

Almennt er stuðningur veittur milli kl. 07:00 og 23:00 en þó skal ávallt taka mið af þörfum barns og fjölskyldu. Stuðningur samkvæmt reglum þessum er veittur í samræmi við einstaklingsbundnar þarfir í samráði við ráðgjafa. Um umfang stuðningsþjónustu vísast til 5. mgr. 26. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, þar sem fram kemur að aðstoð geti numið allt að 15 klukkustundum á viku hvað varðar veitingu stuðningsþjónustu. Um stoðþjónustu vísast til laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018

10. gr.

Gildistími og endurmat

Þegar stuðningur hefst skal uppfæra stuðningsáætlun og samþykkja stuðning til ákveðins tíma. Að þeim tíma liðnum skal endurmeta fyrirkomulagið með tilliti til framlengingar. Eigi sjaldnar en á 12 mánaða fresti skal árangur metinn, gerðar viðeigandi breytingar eða stuðningi lokið. Þegar breytingar verða á aðstæðum og högum fjölskyldu skal endurmeta stuðningsþörf. Í þeim tilvikum sem stuðningsþörf er viðvarandi skv. mati, þarf ekki að sækja um að nýju heldur skal endurnýja áætlun á tveggja ára fresti.

IV. kafli.

Málsmeðferð

Um málsmeðferð gilda ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og ákvæði XVI. og XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, barnaverndarlög nr. 80/2002 og ákvæði VII. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

11. gr.

Viðeigandi aðlögun

Við alla vinnslu og meðferð umsókna samkvæmt reglum þessum skal tryggja að viðeigandi stuðningur, aðstoð og leiðbeiningar séu veittar til að umsækjandi geti nýtt sér stuðninginn. Í því felst m.a. að upplýsingar séu settar fram á því formi sem viðkomandi einstaklingur getur nýtt sér, tryggt sé að hann komi sínum sjónarmiðum á framfæri og sé kynntur réttur sinn til að vísa máli sínu lengra, telji hann þörf á.

12. gr.

Könnun á aðstæðum

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að beiðni um viðtal berst. Sama á við ef velferðarsviði berast upplýsingar um nauðsyn á aðstoð með öðrum hætti. Velferðarsvið Suðurnesjabæjar skal taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

13. gr.

Samvinna við umsækjanda

Við meðferð umsóknar, öflun gagna og upplýsinga sem og við ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en að öðrum kosti við lögráðamenn, persónulegan talsmann eða aðstandendur hans eftir því sem við á.

14. gr. Endurskoðun

Rétt til stuðnings samkvæmt reglum þessum má endurskoða hvenær sem er. Meta skal hvort umsækjandi fullnægi skilyrðum reglna þessara og hvort breytingar sem orðið hafa á aðstæðum umsækjanda og/eða annarra heimilismanna hafi áhrif á rétt hans og umfang þjónustu.

15. gr. Rangar eða villandi upplýsingar

Ef sannreynt er við meðferð máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi, stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar á meðan umsækjanda er gefið tækifæri á að leiðrétta eða bæta úr annmörkum.

Ef umsókn um stuðningsþjónustu hefur verið samþykkt og í ljós kemur síðar að hún var byggð á röngum eða villandi upplýsingum af hálfu umsækjanda getur það leitt til afturköllunar ákvörðunar.

16. gr. Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt á öruggan hátt í samræmi við lög um opinber skjalasöfn, nr. 77/2014, skjalavistunaráætlanir og reglur sveitarfélagsins.

Starfsmenn eru bundnir þagnarskyldu um málefni er leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Starfsmönnum er óheimilt að rjúfa trúnað nema að fengnu samþykki viðkomandi. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Umsækjandi getur óskað eftir aðgangi að fyrirliggjandi gögnum er varða hann sjálfan. Við mat á því hvaða gögnum verður miðlað skal meðal annars litið til ákvæða persónuverndarlaga, upplýsingalaga auk annarra laga og reglna sem kunna að eiga við hverju sinni.

Vinnsla mála og varðveisla gagna byggist á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga má finna í persónuverndarstefnu Suðurnesjabæjar sem aðgengileg er á vefsíðu sveitarfélagsins.

17. gr. Leiðbeiningar til umsækjanda

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsfólk velferðarþjónustu Suðurnesjabæjar bjóða umsækjanda ráðgjöf ef þörf er á og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Þá skal starfsmaður einnig upplýsa umsækjanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna framkvæmdar samkvæmt reglum þessum. Sérstaklega skal gætt að frumkvæðisskyldu hvað varðar þjónustu við fatlað fólk, sbr. 32.gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

18. gr. Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfsfólk velferðarþjónustu Suðurnesjabæjar tekur ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði fjölskyldu- og velferðarráðs Suðurnesjabæjar. Umsóknir um þjónustu á grundvelli þessarar reglna eru afgreiddar með þeim hætti að þær eru teknar til umfjöllunar á afgreiðslufundi velferðarsviðs.

19. gr.

Niðurstaða og rökstuðningur synjunar

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn synjað skal umsækjandi fá svar þar sem vísað er með skýrum hætti til viðeigandi lagaákvæða og/eða ákvæða í reglum þessum og honum leiðbeint um heimild til að óska rökstuðnings fyrir synjun. Upplýsa skal umsækjanda um rétt hans til að fara fram á að fjölskyldu- og velferðarráðs Suðurnesjabæjar taki umsóknina til meðferðar en slík beiðni skal berast ráðinu skriflega innan fjögurra vikna frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun. Beiðni má finna í þjónustugátt á heimasíðu Suðurnesjabæjar.

20. gr.

Heimild fjölskyldu- og velferðarráðs Suðurnesjabæjar til að endurskoða afgreiðslu umsókna

Um fjölskyldu- og velferðarráðs Suðurnesjabæjar gilda reglur þar að lútandi sem byggja á 3. mgr. 6. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Fjölskyldu- og velferðarráð Suðurnesjabæjar hefur heimild til að veita undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar málefnalegar ástæður liggja fyrir og umsækjandi/notandi fer fram á það með sérstakri beiðni til fjölskyldu- og velferðarráðs Suðurnesjabæjar innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Með sama hætti getur fjölskyldu- og velferðarráð Suðurnesjabæjar endurskoðað afgreiðslur starfsmanna á einstökum málum á grundvelli reglna þessara. Aðstoð í formi stuðnings- og stoðþjónustu getur þó hafist á grundvelli ákvörðunar fjölskyldu- og velferðarráðs Suðurnesjabæjar þó að mál sé til meðferðar hjá ráðinu. Ákvörðun fjölskyldu- og velferðarráðs Suðurnesjabæjar skal kynnt umsækjanda og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar velferðarmála.

21. gr.

Kæra til úrskurðarnefndar velferðarmála

Umsækjandi getur kært ákvörðun fjölskyldu- og velferðarráðs Suðurnesjabæjar til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda var kunngerð ákvörðun fjölskyldu- og velferðarráðs Suðurnesjabæjar.

22. gr.

Gildistaka

Reglur þessar kveða á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita og eru settar með stoð í 25.-27. gr.m X og XI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 1. -3 tl. og 5.tl. 8. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og 1. mgr. 13. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999.

Reglur þessar voru samþykktar í Fjölskyldu og velferðarráði þann 15. maí 2025 og af bæjarstjórn þann 4. júní 2025.

Fylgiskjal

Forgangsörðum samkvæmt reglum Suðurnesjabæjar um stuðninginn við börn og fjölskyldur þeirra

Við mat á forgangi er byggt á matsviðmiðum velferðarsviðs. Litið er til eftirfarandi atriða þegar metið er hversu brýn þörf er fyrir stuðning:

- Færni, getu og styrkleika
- Félagslegra aðstæðna og félagslegs tengslanets
- Samfélagsþátttöku, valdeflingar og virkni
- Hvaða afleiðingar töf á veitingu á stuðningi hafi fyrir umsækjanda
- Annars stuðnings sem viðkomandi fær

1. Snemmtæk íhlutun

Aðstæður barns og fjölskyldu er með þeim hætti að grípa þarf inn í aðstæður fjölskyldu í forvarnarskyni, til þess að fyrirbyggja meiri háttar inngrip síðar. Töf á stuðning hefur í för með sér miklar afleiðingar fyrir notendur.

2. Stuðningur til staðar

Aðstæður barns og fjölskyldu er með þeim hætti að viðeigandi stuðningur er til staðar og mikilvægt er að halda honum áfram.

3. Töf hefur óverulegar afleiðingar

Aðstæður barns og fjölskyldu eru ekki með þeim hætti að veita þurfi stuðning strax, m.a. með hliðsjón af félagslegum aðstæðum og öðrum veittum stuðning. Töf á veitingu stuðnings hefur óverulegar afleiðingar.